

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2016

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Þingskjal 288 — 261. mál.

Almennt um fæðingar- og foreldraorlof

Lög um fæðingar- og foreldraorlof eru forsenda þess að hægt sé að kenna íslenskt samfélag og vinnumarkað við jafnrétti. Tvíþætt markmið laganna þjóna hagsmunum barna og foreldra. Þau tryggja samvistir barna við foreldra sína í frumbersku og þeim er ætlað að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði.

Nýverið skilaði nefnd um framtíðarskipan fæðingarorlofs, sem BHM átti fulltrúa í, niðurstöðu sinni til félags- og húsnæðismálaráðherra. Megintillögur nefndarinnar eru málamiðlun sem Bandalag háskólamanna styður í þeirri vissu að með henni séu stigin mikilvæg skref í þá átt að fæðingarorlofssjóður geti gegnt lögbundnu hlutverki sínu. En rétt er að gera grein fyrir athugasemdum sem fulltrúi BHM bókaði við niðurstöðu nefndarinnar. Þær eiga einnig við um efni þessa frumvarps.


Þak á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði

BHM styður niðurstöðu nefndarinnar um að hámarksgreiðsla úr sjóðnum hækki strax í 600 þús. kr. á mánuði en teldi réttast að hámarksgreiðsla úr fæðingarorlofssjóði nái hámarksupphæðinni frá 2008 að verðgildi. Fram hjá því verður ekki litið að þak á hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði skekkir stöðu kynjanna á vinnumarkaði og vinnur því gegn markmiðum laganna.

Lengd og skipting fæðingarorlofs

Með hliðsjóð af markmiðum laga um fæðingarorlof er mikilvægt að auknum framlögum til málaflokksins sé forgangsraðað með þeim hætti að hækkun hámarksgreiðslna gangi fyrir lengingu orlofstímans. Lenging fæðingarorlofstímabils á sama tíma og þak er á greiðslum er aðeins til þess fallið að skekkja enn frekar stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Að því sögðu, styður BHM lengingu fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í eitt ár en áréttar þá afstöðu að markmiðum laganna verði best náð með því að skipta þeim mánuðum jafnt á milli tveggja foreldra. Það hlýtur að vera langtímamarkmið löggjafans að svo verði, enda stuðlar það ekki að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði að mæður taki nær alltaf lengra orlof en feður.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir

formaður BHM